

Athugasemdir Múrbúðarinnar við skilyrði sem Samkeppniseftirlíð kynnti í dag vegna yfirtöku bankanna á nokkrum fyrirtækjum

Skilyrði Samkeppniseftirlitsins ganga út á að treysta bönkunum sjálfum til að gæta velsæmis í rekstri yfirteknu fyrirtækjanna. Það er hreinn og klár barnaskapur. Bönkunum er ekki treystandi til að hafa eftirlit með sjálfum sér, ekki frekar en fyrri daginn.

Í skilyrðum Samkeppniseftirlitsins er talað um að bankarnir "skuli" gera eitt og annað til yfirteknu fyrirtækin raski ekki samkeppni. Enginn utanaðkomandi á að fylgjast með því að bankarnir fari eftir þessum skilyrðum, heldur er þeim uppálagt að tryggja að "óháður aðili" innan hvers banka annist það. Dettur einhverjum í hug að "óháður aðili" sem er á góðum launum hjá bankanum fari að klaga undan yfirmönnum sínum?

Eru þessir "óháðu aðilar" nokkuð þeir sömu og áttu að tryggja að upplýsingar um stöðu bankanna gæfu rétta mynd af stöðu þeirra fyrir hrun?

Fyrir utan þessi vinsamlegu tilmæli ætlar Samkeppniseftirlitið ekki að skipta sér af því hvort eða hvernig bankarnir hygla þeim tugum fyrirtækja sem þeir hafa yfirtekið. Það þýðir að Samkeppniseftirlitið heldur bara áfram að taka við kvörtunum upp á gamla mátann – afgreiðir þær eftir marga mánuði eða ár eins og venjulega.

Bönkunum er ekki treystandi til annars en reyna að hagnast sem allra mest. Sanngirni, sjálfsagi og samkeppnissjónarmið eiga ekki heima í slíku umhverfi. Hegðun bankanna síðustu ár segir alla söguna. Sá fjárhagslegi styrkur sem bankarnir veita með aðkomu sinni gerir yfirteknu fyrirtækjunum kleift að vaða á skítugum skónum yfir keppinauta sína með undirboðum og misnotkun á markaðsráðandi stöðu, halda þeim niðri og koma þannig í veg fyrir eðlilega samkeppni. Fjöldmörg dæmi þess liggja þegar fyrir, líkt og í tilfelli Húsasmiðjunnar, sem er í eigu Landsbankans.

Þar að auki er vonlaust að fjölmiðlar, almenningur eða samkeppnisaðilar hafi möguleika á að sannreyna eitt eða neitt um brot á skilyrðunum. Bankaleyndin er skálkaskjólíð.

Út af fyrir sig er sérkennileg sú áhersla sem Samkeppniseftirlitið leggur á að bankarnir eigi og reki öll þessi fallítt fyrirtæki. Hvers vegna má ekki einhver annar en banki taka við rekstri þeirra? Eða lítur Samkeppniseftirlitið á það sem hlutverk sitt að tryggja að fyrirtækin vaxi og dafni á kostnað keppinauta og almennings, til að bankarnir fái sem mest út úr sölu þeirra síðar meir?